




# FYRSTU AÐGERÐIR AKRANESKAUPSTAÐAR

TIL VIÐSPYRNU VEGNA COVID-19

---





# EFNISYFIRLIT

- **Aðgerðir stjórnvalda og Seðlabanka Íslands**
- Aðstæður á Akranesi og staða
- Fyrstu aðgerðir Akraneskaupstaðar





### Varnir

Aðgerðir til að koma í veg fyrir að fjöldi fólks missi vinnuna og fjöldi fyrirtækja fari í þrot

## VARNIR

### Hlutastarfaleiðin

Tímabundnar atvinnuleysisbætur fyrir þá sem lækka niður í 25% til 80% starfshlutfall til 1. júní

### Brúarlán til atvinnulífs

50% ábyrgð á útlánum viðskiptabanka að uppfylltum ákv. skilyrðum

### Frestun skattgreiðslna

Fyrirtæki í tímabundnum rekstrarörðugleikum sem verða fyrir þriðjungs samdrætti rekstartekna geta frestað greiðslu staðgreiðslu og tryggingagjalds til 2021



### Vernd

Stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur vegna erfiðra aðstæðna

## VERND

### Laun í sóttkví

Endurgreiðsla launagreiðslna til atvinnurekenda vegna einstaklinga í sóttkví

### Barnabótaauki

Greiðsla 40.000 kr barnabótaauka á hvert barn en 20.000 kr. ef tekjur foreldra eru yfir 927 þ.kr. á mánuði

### Úttekt séreignasparnaðar

Heimild til úttektar séreignasparnaðar til frjálsrar nota



### Viðspyrna

Aðgerðir til að auka efnahagsstarfsemi, vöruviðskipti og fjárfestingar

## VIÐSPYRNA

### Styrking ferðapjónustu

Innlend innspýting í ferðapjónustu, afnám gistináttagjalds og undirbúningur markaðsátaks

### Útvíkkun á „Allir vinna“

Full endurgreiðsla vegna viðhalds og þjónustu á heimilum auk byggingarvinnu félagasamtaka

### Greiðari innflutningur

Niðurfelling tollafgreiðslugjalda og frestun gjalddaga vegna aðflutningsgjalda

### Fjárfestingaáttak

Flýting umfangsmikilla opinberra fjárfestinga í fasteignum, samgöngum, rannsóknum, orkuskiptum og innviðum til að örva efnahagslífið

# AÐGERÐIR SEÐLABANKA ÍSLANDS

## 1. Lækkun vaxta

Um samtals 1%

Getur lækkað greiðslur af lánum heimila og fyrirtækja um 12 milljarða króna

## 2. Lækkun sveiflujöfnunar- auka

Viðskiptabanka úr 2% af áhættugrunni í 0%

Getur aukið útlánagetu bankakerfisins um 350 milljarða króna

## 3. Lækkað og breytt framkvæmd bindiskyldu

Aðgerðin losar um 40 milljarða króna til viðbótar í bankakerfinu

## 4. Bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs

Stuðlar að eðlilegri miðlun peningastefnunnar til heimila og fyrirtækja

Vinnur gegn samdrætti á lausafé í umferð




# EFNISYFIRLIT

- Aðgerðir stjórnvalda og Seðlabanka Íslands
- **Aðstæður á Akranesi og staða**
- Fyrstu aðgerðir Akraneskaupstaðar


# ATVINNULEYSI Á AKRANESI

Hefur vaxið í aðdraganda faraldursins svo vinnumarkaðurinn er í viðkvæmri stöðu




# AKRANESKAUPSTAÐUR ER HINS VEGAR VEL Í STAKK BÚINN TIL AÐ TAKAST Á VIÐ EFNAHAGSLEGT ÁFALL

## SKULDIR LÁGAR OG Hafa FARIÐ LÆKKANDI UNDAFARIN ÁR...



## ... OG FJÁRHAGSSTAÐA ER STERK




# MARKMIÐ AÐGERÐA

Svara ákalli atvinnulífs og íbúa með því að vernda og verja heimili og félagasamtök og fyrirtæki sem verða fyrir mestum skakkaföllum.

Veita öfluga viðspyrnu vegna Covid-19. Sækja fram og efla heilsu og hamingju íbúa og stuðla að nýjum atvinnutækifærum





# EFNISYFIRLIT

- Aðgerðir stjórnvalda og Seðlabanka Íslands
- Aðstæður á Akranesi og staða
- **Fyrstu aðgerðir Akraneskaupstaðar**

# 14 AÐGERÐIR

## 3.380 M.KR. HEILDARUMSVIF

### VARNIR



AFLÉTTA ÓVISSU INNAN SAMFÉLAGSINS

1. Frestur verði á greiðslu fasteignagjalda íbúða- og atvinnuhúsnæðis
2. Frestur á innheimtu gatnagerðargjalda
3. Virkt samtal milli bæjarstjórnar, íbúa og fyrirtækja

### VERND



VERNDA GRUNNSTOÐIR SAMFÉLAGSINS

4. Gjöld leikskóla-, grunnskóla og frístundar í Þorpinu verða lækkuð í samræmi við notkun á þjónustu
5. Gildistími þrek- og sundkorta framlengdur
6. Sveigjanleiki aukinn í innheimtu og gjaldfrestum
7. Efling velferðarþjónustu
8. Stuðningur til heilsueflingar og til íþróttastarfs menningar og lista

### VIÐSPYRNA



STUÐLA AÐ FJÖLGUN ATVINNUTÆKIFÆRA

9. Markaðsátak Akraness
10. Aukin fjárveiting til framkvæmda og til viðhaldsverkefna
11. Störf tryggð með uppbyggingu húsnæðis til leigu fyrir aldraða, fatlaða og á almennum markaði
12. Fjölgun atvinnutækifæra
13. Nýsköpun og tækni í innleiðingu rafrænnar þjónustu
14. Þátttaka í markaðsátaki stjórnvalda og Íslandsstofu til „Eflingar ferðapjónustunnar 2020“





# 1. FRESTUR Á GREIÐSLU FASTEIGNA- GJALDA ATVINNU- OG ÍBÚÐAHÚSNÆÐIS

Eigendur atvinnu- og íbúðahúsnæðis sem eiga við tímabundna örðugleika að stríða vegna tekjufalls **geta sótt um frest á allt að þremur greiðslum fasteignagjalda** sem eru á gjalddaga 15. apríl 2020 til og með 15. júní 2020, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

**Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestur** tekur réttilega til er 15. janúar 2021. Verði gjaldandi, sem frestað hefur greiðslum til 15. janúar 2021, fyrir miklu tekjufalli á árinu 2020 getur hann óskað eftir lengri fresti og dreifingu þessara greiðslna fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.

Hægt verður að **sækja um frest í gegnum þjónustugátt Akraneskaupstaðar** frá og með 20. apríl næstkomandi. Umsjón með umsóknum er á stjórnarsýslu- og fjármálasviði Akraneskaupstaðar.







## 2. FRESTUR Á INNHEIMTU GATNAGERÐARGJALDA

Hægt verður að sækja um **frest á greiðslu gatnagerðargjalda fyrir apríl, maí og júní um þrjá mánuði** í ljósi sérstakra aðstæðna, á grundvelli umsóknar. Frestur miðast við að framkvæmdir tefjist á sama tímabili.

Útbúnaðar verða sérstakar reglur um gjaldfrest og verður hægt í kjölfarið að sækja um **frestinn í gegnum þjónustugátt Akraneskaupstaðar** frá og með 20. apríl. Umsjón með umsóknum er á stjórnarsýslu- og fjármálasviði Akraneskaupstaðar.

Eindagar reikninga vegna staðfestingargjalds gatnagerðargjalda í aprílmánuði hafa verið framlengdir til 20. apríl til að koma til móts við þá sem vilja nýta sér gjaldfrestinn.






### 3. VIRKT SAMTAL MILLI BÆJARSTJÓRNAR, ÍBÚA OG FYRIRTÆKJA

Bæjarstjórn vill eiga virkt samtal við íbúa og fyrirtæki í bænum um stöðu mála og mögulegar aðgerðir.

Kjörnir bæjarfulltrúar eru til staðar fyrir þig og vilja vita hvernig megi styðja enn frekar við íbúa og fyrirtæki.

**Rafrænir viðtalstímar boðnir með bæjarfulltrúum ([panta hér](#))**



## 4. LÆKKUN, NIÐURFELLING EÐA LEIÐRÉTTING GJALDA Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Í þeim tilvikum sem **þjónusta leik- og grunnskóla og frístundaheimila** fellur niður eða skerðist vegna samkomubanns, veikinda eða sóttkvíar starfsmanna eða af öðrum sambærilegum ástæðum verða gjöld fyrir viðkomandi þjónustu leiðrétt í samræmi við hlutfall skerðingarinnar.

Í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustu vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld **leiðrétt hlutfallslega**. Ef foreldrar kjósa að nýta sér ekki þjónustu, t.a.m. með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forráðamenn haldi börnum sínum heima ef kostur er, á hið sama við.





## 5. GILDISTÍMI ÞREK- OG SUNDKORTA FRAMLENGDUR

Gildistími þrek- og sundkorta í Íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar  
**framlengist sem nemur tímabili samkomubanns stjórnvalda** eða  
a.m.k. frá 16. mars til 4. maí



## 6. SVEIGJANLEIKI AUKINN Í INNHEIMTU OG GJALDFRESTUM

**Lögð verður áhersla á frekari sveigjanleika í innheimtu** á meðan áhrifa gætir af Covid-19 og eru íbúar hvattir til að setja sig í samband við sveitarfélagið sjái þeir fram á erfiðleika við að standa í skilum.

Íbúar eru hvattir til þess að setja sig í samband við skrifstofuna á opnunartíma í síma 433-1000 eða með því að senda inn erindi á

[akranes@akranes.is](mailto:akranes@akranes.is)





## 7. EFLING VELFERÐARÞJÓNUSTU

Áhersla er lögð á að **hlúa vel að viðkvæmum einstaklingum** sem eru í þjónustu sveitarfélagsins.

Auglýst er eftir starfsfólki til að mynda bakvarðasveit til tímabundinnar aðstoðar í velferðarþjónustu. **Umsókn um starf í bakvarðasveitinni** er á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

**Aukið aðgengi** íbúa Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar að starfsfólki **félagsþjónustu og barnaverndar** með auka símatímum. Símatímar starfsmanna eru í gegnum skiptiborð Akraneskaupstaðar í síma 433-1000.

### Félagsþjónusta

Félagsþjónusta er með símatíma mánudaga og fimmtudaga kl. 11-12. Einnig hægt að senda inn beiðni um aðstoð á netfangið [velferd@akranes.is](mailto:velferd@akranes.is).





## 7. EFLING VELFERÐARÞJÓNUSTU

### Barnavernd

Barnavernd er með símatíma þriðjudaga og miðvikudaga kl. 11-12. Einnig hægt að senda inn tilkynningar eða óska eftir samtali við starfsmann barnaverndar með því að senda tölvupóst á netfangið [barnavernd@akranes.is](mailto:barnavernd@akranes.is).

**Aðgengi barna að barnavernd** er aukið en á heimasíðu Akraneskaupstaðar er hlekkur sem börn smella á til að fá aðstoð frá starfsmanni barnaverndar. Neyðartilkynningar til barnaverndar, neyðarnúmer 112, utan dagvinnutíma eða um helgar.

**Allir standa saman**, samstarf er við stofnanir og félagasamtök í sveitarfélaginu s.s HVE, kirkjuna, Akranesdeild Rauða kross Íslands um stuðning við íbúa á erfiðum tímum.



## 7. EFLING VELFERÐARÞJÓNUSTU

### Málefni aldraða og fatlaðra

#### **Starfsmenn sveitarfélagsins veita stuðning við einstaklinga með ýmsum**

hætti s.s. með símtölum, innliti eða persónulegum stuðningi inn á heimili.

**Símtöl við íbúa 80 ára og eldri** sem búa einir og njóta ekki þjónustu sveitarfélagsins. Markmiðið með símtölunum er að veita félagslegan stuðning, kanna tengslanet einstaklinga og þörf á sértækri þjónustu.

#### **Aukin þjónusta í heimsendingu á mat í samstarfi við veitingahús bæjarins..**

**Heilsuefling aldraða** hefur verið takmörkuð og verður áhersla á að styðja þann hóp með myndbrotum af æfingum sem settar verða á vefinn.

**Búsetuþjónusta fatlaðra er órofin** en þjónustan er aðlöguð að neyðarstigi.

**Samstarf skóla, frístundaþjónustu og velferðarsviðs** um aukna þjónustu við fötluð börn og sértækar þarfir á daginn. Samstarf við foreldra fatlaðra barna og barna með sértækar þarfir um frekari útfærslu og stuðning.







## 8. STUÐNINGUR TIL HEILSUEFLINGAR OG TIL ÍPRÓTTASTARFS, MENNINGAR OG LISTA

**Aukið verður við fjármagn** í sjóð tómsunda- og íþróttafélaga til að halda uppi öfluggu félags-, tómsunda og íþróttastarfi fyrir börn og unglinga. Um er að ræða **4,5 m.kr. til viðbótar** við núverandi fjárhæð, 15,5 m.kr.

**Allir íbúar 18 ára og eldri fá 5.000 kr. hreyfiseðil frá Akraneskaupstað sem sérstakt átak árið 2020 í heilsueflandi samfélagi.** Hreyfiseðilinn verður hægt að nýta sem greiðslu fyrir líkamsrækt hjá Akraneskaupstað, íþróttafélögum eða öðrum þjónustuaðilum sem bjóða upp á slíka þjónustu. **Áætlaður kostnaður er 15 m.kr.**

**Frítt kort í bókasafnið fyrir Akurnesinga** fyrir árið 2020

**Aukið verður við fjárveitingu** til árlegs viðburðahalds á Akranesi um samtals **3 m.kr.** og menningar og safnanefnd mun vinna tillögur að **eflingu menningar og listalífs.** **Styrktarsjóður menningarmála verður hækkaður um 1,5 m.kr.**





## 9. MARKAÐSÁTAK AKRANESS

**Unnið í samstarfi** við fyrirtæki á Akranesi til kynningar á möguleikum á atvinnuuppbyggingu og Akranesi sem vænlegum kosti til búsetu.

Ferðamönnum jafnframt kynntir möguleikar með áherslu á gistimöguleika, þjónustu fyrirtækja, golfvöllinn, Guðlaugu, Langasandssvæðið, Vitann og aðra þjónustu sem er í boði.

**Viðbótarfjárveiting samtals 10. m.kr. á árinu 2020.**





## 10. AUKIN FJÁRVEITING TIL VIÐHALDS OG FRAMKVÆMDA

**1.506 m.kr. fjárfestingar** eru fyrirhugaðar á árinu en til þess að tryggja verktökum og starfsfólki þeirra atvinnu verður gefið enn frekar í með flýtiframkvæmdum.

### **Ráðist verður í aukin viðhaldsverkefni stofnana**

Akraneskaupstaðar.

Akraneskaupstaður mun einnig **flýta stærri fjárfestingaverkefnum** svo sem uppbyggingu á Jaðarsbökkum, gatnaframkvæmdum, útivistarsvæðum ofl.

Í lok apríl verður kynnt nánari útfærsla á flýtiframkvæmdum.







# 11. STÖRF TRYGGÐ MEÐ UPPBYGGINGU HÚSNÆÐIS TIL LEIGU FYRIR ALDRAÐA, FATLAÐA OG Á ALMENNUM MARKAÐI

**Uppbygging sett í gang á húsnæði á árunum 2020 og 2021** með það að markmiði að tryggja verkefni og störf fyrir byggingarverktaka á Akranesi.

Veruleg **aukning uppbyggingar leiguhúsnæðis á Akranesi** sett í forgang. **Samtals 3.000 m.kr.** uppbygging sett í gang á húsnæði þar sem stofnframlag Akraneskaupstaðar til uppbyggingar er um 250 m.kr.

Íbúðir fyrir almennan leigumarkað og óhagnaðardrífnu leiguhúsnæði fyrir aldraða, húsnæði fyrir fatlaða, aðra skjólstæðinga Akraneskaupstaðar og húsnæði fyrir fólk með milli tekjur og tekjulága.







## 12. FJÖLGA ATVINNUTÆKIFÆRUM

### **Atvinnuöryggi**

Akraneskaupstaður mun efla samstarf við atvinnuráðgjöf SSV og hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að sækja í **Uppbyggingarsjóð Vesturlands** Efna til átaksverkefnis í **samvinnu með** Vinnumálastofnun til að tryggja atvinnuöryggi á Akranesi.

### **Atvinnuþróun**

Aukið fjármagn til kaupa á ráðgjöfum til atvinnuþróunarverkefna samtals **10 m.kr.**

Skila niðurstöðu úr samstarfsverkefni með Brim og KPMG með **tilbúinni aðgerðaráætlun** fyrir lok maí.

Hefja á árinu framkvæmd **atvinnuþróunar verkefna á Grundartanga** í samvinnu við samstarfsaðila.

Hugmyndasamkeppni um **Langasandsreitinn kláruð á árinu.**





## 13. NÝSKÖPUN OG TÆKNI Í INNLEIÐINGU RAFRÆNNAR ÞJÓNUSTU

Innleiðingu nýrrar tækni hjá Akraneskaupstað **verði flýtt og opnað** fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunar. Viðbótarfjárveiting samtals 10. m.kr. á árinu 2020.

Áhersla lögð á verkefni sem **stuðla að langtímahagræðingu** skv. tillögum Capacent í rekstri Akraneskaupstaðar.

Tillögur liggja fyrir **15. júní nk.**







# 14. ÞÁTTTAKA Í MARKAÐSÁTAKI STJÓRNVALDA OG ÍSLANDSSTOFU TIL „EFLINGAR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR 2020“

Akranes er þátttakandi í landshlutasamtökum SSV og Markaðsstofu Vesturlands:

## **Verkefnið þar eru eftirfarandi:**

Stjórn Sóknaráætlunar Vesturlands hefur úthlutað 10 m.kr. í áhersluverkefnið „Efling ferðaþjónustunnar 2020“.

Markaðsátak með Ferðamálastofu þar sem Íslendingar eru hvattir til að ferðast innanlands.

Markaðsátak með Íslandsstofu þar sem áhersla verður á ímynd Íslands og erlendan markað.



# Efnahagsáhrif fyrstu aðgerða

## 3.380 M.KR. HEILDARUMSVIF

### 550 M.KR. FJÁRHAGSÁHRIF

ÞAR AF UM 200 M.KR. FRESTUN GREIÐSLNA HJÁ AKRANESKAUPSTAÐ

#### VARNIR



Áhrif fyrir heimili og fyrirtæki  
um **200 m.kr.**

Fjárhagsáhrif á Akraneskaupstað  
um **200 m.kr.**

#### VERND



Áhrif á heimili, fyrirtæki og félaga-  
samtök  
um **80 m.kr.**

Fjárhagsáhrif á Akraneskaupstað  
um **80 m.kr.**

#### VIÐSPYRNA



Áhrif fyrir heimili og fyrirtæki  
um **3.100 m.kr.**

Fjárhagsáhrif á Akraneskaupstað  
um **270 m.kr.**



TAKK FYRIR

